



**Sólheimar í Grímsnesi**  
*Rýnt í fortíð og horft til framtíðar*

Hulda Guðrún Kristjánsdóttir

Lokaverkefni til B.A.-prófs í þroskaþjálfarafræði  
Leiðsögukennari: Þór Garðar Þórarinsson

ÍPRÓTTA-, TÓMSTUNDA- OG ÞROSKAÞJÁLFADEILD  
MENNTAVÍSINDASVÆÐ HÁSKÓLA ÍSLANDS  
Júní 2011

## Ágrip

Verkefni þetta er 10 eininga lokaverkefni í þroskaþjálfrafræðum á Menntavísindasviði við Háskóla Íslands vorið 2011. Leiðbeinandi verkefnsins var Þór Garðar Þórarinsson. Ástæðan fyrir vali á þessu verkefni er sú að mér fannst vanta fræðilega umfjöllun um samfélagið Sólheima og fann ég þörf fyrir dýpri skilning á fyrirkomulagi samfélagsins á Sólheimum og starfsemi hennar. Einnig er brýn þörf á málefnalegri umræðu um samfélagið sem þarf að skila sér út í þjóðfélagið. Þessum spurningum verður leitast eftir að svara; hver hefur þróunin verið seinustu 30 ár? Hverju beinist gagnrýnin helst að og hvers vegna? Stenst þjónustan á Sólheimum lög og reglur?

Ég vil þakka leiðbeinanda mínum, Þóri Garðari Þórarinssyni fyrir góða leiðsögn og hvatningu en sérstakar þakkir fær fjölskylda mín sem þurfti að ganga í gegnum erfiða fæðingu jafnvel og höfundur. Án hvatningar og þolinmæðar frá þeim hefði þetta ekki verið hægt.

# Efnisyfirlit

<b>ÁGRIP.....</b>	<b>2</b>
<b>EFNISYFIRLIT.....</b>	<b>3</b>
<b>ÚTDRÁTTUR.....</b>	<b>4</b>
<b>KAFLI 1. INNGANGUR.....</b>	<b>5</b>
<b>KAFLI 2. SESSELJA H. SIGMUNDSDÓTTIR STOFNANDI SÓLHEIMA.....</b>	<b>7</b>
MÍN JÖRD.....	7
DRAUMUR VERÐUR AÐ VERULEIKA.....	9
KVEDJUSTUND.....	10
<b>KAFLI 3. SAMFÉLAGIÐ Á SÓLHEIMUM.....</b>	<b>11</b>
BÚSETUFORM Á SÓLHEIMUM.....	13
ÞJÓNUSTUSAMNINGUR VIÐ SÓLHEIMA.....	15
AÐ RÝNA TIL GAGNS: UM GAGNRÝNI Á REKSTUR OG HUGMYNDAFRÆÐI SÓLHEIMA.....	16
<b>KAFLI 4. MISMUNANDI SKOÐANIR OG RÉTTINDAGÆSLA.....</b>	<b>18</b>
SAMSTARF VIÐ FANGELSISMÁLASTOFNUN OG ÖNNUR VERKEFNI.....	20
<b>KAFLI 5. HUGMYNDAFRÆÐI SÓLHEIMA OG MARKMIÐ.....</b>	<b>20</b>
MÓTUN OG PRÓUN.....	20
<b>KAFLI 6. SKIPULAGSSKRÁ SÓLHEIMA.....</b>	<b>22</b>
<b>KAFLI 7. LÖG OG REGLUGERÐIR.....</b>	<b>24</b>
LÖG UM BÚSETU.....	25
<b>NIÐURSTÖÐUR.....</b>	<b>27</b>
<b>LOKAORÐ.....</b>	<b>28</b>
<b>HEIMILDASKRÁ.....</b>	<b>30</b>
<b>VIÐAUKI 1.....</b>	<b>31</b>

## Útdráttur

Þetta verkefni er heimildaritgerð sem fjallar um samfélagið Sólheima í Grímsnesi. Í verkefninu er fjallað almennt um sögu og þróun samfélagsins á Sólheimum í Grímsnesi, tilurð þess og gagnrýnina sem hefur verið áberandi í gegnum árin en Sólheimar hafa verið gagnrýndir fyrir skort á faglegri sérþekkingu á sviði málefna fatlaðs fólks. Farið verður yfir uppbyggingu Sólheima og vegferð samfélagsins. Skýrsla Ríkisendurskoðunar sem kom út árið 2002 og Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi sem kom út árið 1981 verða bornar saman í þeim tilgangi að sjá hver þróunin hefur verið sl. 30 ár. Rýnt verður í þann ramma sem löggjafinn hefur sett um málefni fatlaðs fólks og hvernig stefna Sólheima og samfélagið þar hefur ekki með öllu fallið að óskum og hugmyndum yfirvalda. Farið verður yfir mismunandi skoðanir og það mikilvæga hlutverk sem þroskaþjálfari sinnir í starfi sínu á vettvangi.

## Kafli 1. Inngangur

Íslendingar settu lög á Alþingi 1992 sem fjalla ítarlega um málefni fatlaðra. Í fyrstu grein laganna er talað um að löggin séu sett í þeim tilgangi að tryggja fötluðum sambærileg lífskjör og jafnrétti við aðra þjóðfélagsþegna. Þá eiga löggin einnig að skapa þessum sömu einstaklingum skilyrði til eðlilegs lífs. Þetta eru góð og gild markmið; háleit og sanngjörn. Löggin eru orðuð með skýrum hætti og það er vilji löggjafans að þeir sem lesi löggin geti gert það án þess að vera lögfróðir og að þeir geti tileinkað sér það sem máli skiptir í lögnum. Það er svo hlutverk hinna ýmsu stofnanna, fagaðila og samtaka að reyna, eftir bestu getu, að fylgja þeim óskum og fyrirmælum, sem felast í lögnum. Allmargir ólíkir þættir hafa áhrif á hversu vel gengur á hverjum tíma; fjármagn, breytingar á lögum og aðlögun að þeim breytingum, menntun fagaðila og svo mætti lengi telja. Íslendingar hafa á síðustu áratugum og hugsanlega lengur, reynt að skapa uppeldis-, mennta-, og samfélagsþjónustu sem byggist á þeirri hugsjón að allir þegnar þessa lands séu jafnir fyrir lögum og eigi að fá jöfn tækifæri til að lifa eðlilegu lífi og geta um leið leitað hamingjunnar þar sem hana er að finna. Þetta sést í aðalnámskrám leik-, grunn-, og menntaskóla til dæmis; skóli án aðgreiningar. Ég held að flestir séu sammála þessum hugsjónum og sjá gildi samfélags sem byggir á þeim. Í það minnsta er ekki að merkja á umræðu síðustu ára.

Annað gildir þó um hvernig skuli útfæra og framkvæma þessa hugsjón. Það er líka eðlilegt og heilbriggt, jafnvel nauðsynlegt, í lýðræðissamfélagi sem byggir á fjálsri orðræðu, tíðum skoðanaskiptum og gagnrýnni hugsun. Sumum kann að finnast nauðsynlegt sé að staðla og samræma rekstur og stjórnun allra þeirra stofnanna sem koma að ofangreindum verkefnum til að gæta jafnræðis, sanngirni og tryggja um leið að hvaða einstaklingur sem er geti sótt sambærilega þjónustu hvert sem er. Öðrum finnst ef til vill varasamt að leggja ofurkapp á samræmingu og einsleitni í þessari þjónustu og óttast að það kunnist til dæmis að standa þróun og fjölbreytni fyrir þrifum. Eflaust er hin rétta mynd einhver staðar þarna mitt á milli. Þær stofnanir og þeir fagaðilar sem veita til dæmis fötluðum lögbundna þjónustu þurfa auðvitað að fylgja fyrirmælum; lögum og reglum og öllu sem því fylgir. En um leið er líka að finna ákveðið svigrúm í starfinu til að aðlaga það að þörfum hvers og eins. Þar með er líka hægt að viðhalda ákveðinni fjölbreytni sem getur haft uppbyggileg og gefandi áhrif á starfið og fræðin. Ef til vill eru Sólheimar í Grímsnesi einmitt slíkur staður.

Verkefni þetta fjallar almennt um samfélagið Sólheima í Grímsnesi þar sem skilningur á samfélaginu verður gerður skil á og dýpkaður. Í verkefninu skoða ég þá gagnrýni sem beinst hefur verið að starfinu á Sólheimum, hvaðan kemur þessi gagnrýni og hvers vegna er hún svona beitt eins og raun ber vitni. Ég mun skoða vegferð stofnanda Sólheima Sesselju Sigmundsdóttur, uppbyggingu samfélagsins, hvort einhverjar breytingar hafa orðið á fyrirkomulagi Sólheima.

Markmiðið með verkefninu er að skoða sögu og þróun samfélagsins á Sólheimum; gagnrýnina sem beinst hefur að Sólheimum í gegnum tíðina, hugmyndafræðina sem liggur starfinu til grundvallar og búsetuþróun. Þá verður fjallað um lög og reglugerðir varðandi málefni fatlaðs fólks í þeim tilgangi að gefa betri sýn á samfélag fatlaðra almennt og hver réttindi þeirra eru. Allt þetta viðkemur samfélaginu á Sólheimum þar sem gagnrýnin hefur beinst að frelsi fólksins eða öllu heldur skort á því. Hugmyndafræði Sólheima verður gerð skil á og jafnframt gagnrýni á þjónustuna til að gera betur grein frá hvernig reglur og hættir Sólheima virka í nútímasamfélagi. Ég mun skoða hvort hugmyndafræði Sólheima sé í samræmi við hugmyndafræði sem gildir í dag, hvort þjónustan standist lög og reglur.

## Kafli 2. Sesselja H. Sigmundsdóttir stofnandi Sólheima

Sólheimar í Grímsnesi voru stofnaðir af Sesselju Sigmundsdóttur árið 1930. Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir fæddist í Hafnarfirði 5. júlí 1902. Foreldrar hennar voru Kristín Símonardóttir og Sigmundur Sveinsson. Í árslok 1922 býðst Sesselju að fara í vist til Danmörku hjá Georg Lyngby Höst sem var lögfræðingur hjá danska sendiráðinu, og konu hans. Sesselja þiggur það og kveður fjölskyldu sína með miklum trega. Dag einn segist Höst þurfa að fara til Bern í Sviss og býður Sesselju að koma með. Sesselja er í Bern næstu 2 árin þar sem hún lærir tungumálið og kynnist menningu og listum. Hún gleymir samt aldrei draumsýn sinni þrátt fyrir dvöl sína erlendis en hún var sú, að fá jörð undir barnaheimili fyrir munaðarlaus börn en heimilið skyldi vera utan Reykjavíkur (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Valð á staðsetningu og umhverfi heimilsins var í takt við ríkjandi evrópskar hugmyndir millistríðsáranna en samkvæmt þeim var talið mikilvægt að velja slíkum stofnunum stað utan borgarmarka og helst að þær væru sér nógar um flest. Markmiðið var ekki síður að vernda einstaklingana gegn sollinum í borgunum sem voru ekki alltaf fýsilegar til búsetu með tilliti til hreinlætis og næringar (Hilma Gunnarsdóttir, 2009). Sesselja stundaði nám í sex ár í Danmörku, Sviss og Þýskalandi, m.a. í uppeldisfræði, barnahjúkrun og rekstri barnaheimila og var fyrsti Íslendingurinn sem lærði umönnun þroskaheftra. Á námsárunum í Þýskalandi kynntist Sesselja kenningum dr. Rudolf Steiner (1861 – 1925) ”anthroposophy” eða mannspeki en kenningar hans eru stórar og byggjast á virðingu fyrir öllu lífi (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Í hugmyndum Steiners skipuðu siðferðilegir og félagslegir þættir veglegan sess og lagði hann áherslu á hina miklu þýðingu sem fyrstu árin hafa í mótun barnsins (Hilma Gunnarsdóttir, 2009). Það eru órjúfanleg tengsl á milli náttúru og manns, maðurinn verður að skilja náttúruna og tilgang hennar (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Sesselju dreymir um að vera með margs konar framleiðslu og hugsar sér að selja afurðirnar í þeim tilgangi að geta rekið heimilið sjálf án stuðnings frá bænum. Hún sá aldrei fyrir sér forsjá eða afskipti frá opinberum aðilum; Sólheimar áttu að vera venjulegt sveitaheimili en ekki stofnun (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Það er til gamans að láta draumsýn Sesselju fylgja hér með en þetta var hugmyndin um Sólheima:

### Mín jörð

- Stóra jörð og mikið bú. Með læk, fossi og hverum.
- Hita upp með hvernum og sjóða í hveravatni.
- Bygging;

- Fá lán hjá bænum;
- Byggja fyrst hús sem ég seinna get notað fyrir verkstæði.
  - Þroska og æfa kraftana þar.
  - Verkstæði og búð á bænum.
  - Byrja strax að útbúa ýmsa handavinnu.
  - Hafa stúlku við það.
  - Skerma úr ýmsum efnum, silki, voal og vefnaði, basti og pappír.
  - Búa til töskur, toiletþúða, tehattur, sófapúða, myndaalbúm, bókahnífa, tedósir, sígarettukassa, servettuhringi o.fl.
  - Tinvinna
  - Blómaglös, kassa, lampa, ávaxtaskálar.
  - Kaupa teikningar og innramma sjálf. Listar frá Kaupmannahöfn og Þýskalandi.
- Tágaverkstæði;
- Hafa einn mann sem getur útbúið allt sem hægt er að útbúa úr tágum, borð, stóla, bekki, blómaborð, saumaborð og körfur. Selja blómakörfur.
  - Láta verksmiðju smíða lampafætur. Pólara sjálf.
- Láta verksmiðju smíða legubekksgrindur. Hafa þá með heimaofnu. Skaffa eða hafa góða legubekki.
  - Selja allt í herbergi fyrir einhleypt fólk.
  - Hafa allt heimaofið, einfalt en þó smekklegt.
  - Hafa útstillingar í Reykjavík.
  - Þrjónavél, vefstóll
  - Hafa stúlku sem getur þrjónað, saumað og ofið. Taka hjálp þegar á liggur eða hafa fleiri þegar það borgar sig.
  - Selja mublufóður, dúka, vegg, dyra- og gluggatjöld.
  - Fyrir jólin;
  - Hafa alltaf miklar útstillingar, basar, bögglauppboð.
  - Hafa alltaf miklar auglýsingar þegar útlendingar koma. Tungumál. Veð, má til!
  - Búið;
  - Hafa búskapinn sér.
  - Hafa vinnufólkið mest á bænum.
  - Hafa vinnustofurnar þar.
  - Hænsnarækt:
  - Byggja stórt hænsnahús fyrir hundrað.
  - Kaupa og safna voreggjum. Geyma í "wasser glasser".
  - Selja að haustinu.

(Jónína Michaelsdóttir, 1990; s. 52-53).



Allt á listanum rættist nema eitt og var það að selja afurðirnar í Reykjavík. Þetta sýnir bara hversu ákøf, ákveðin og hörð athafnakona Sesselja þótti á þessum umbrotatímum. Hún var vissulega á undan sinni samtíð.

### **Draumur verður að veruleika**

Sesselja þótti hvöss, ákveðin og hörð í samskiptum sínum við börnin á Sólheimum en þess þurfti til að standa í þessu starfi. Sesselja var 47 ára gömul þegar hún gekk í hjónaband með Rudolf Richard Walter Noah en þau voru gefin saman 17. mars árið 1949 hjá borgardómara. Engin veisla var haldin en þau sendu vinum sínum kort þar sem þau tilkynntu um hjónaband sitt og samfögnuðu allir þeim þar sem Sesselja hafði loksins fundið sér lífsförunaut í sínu erfiða starfi. Börnunum sem höfðu heimili á Sólheimum fannst Sesselja verða mýkri og umhyggjusamari eftir að hún gekk í hjónaband en vinum hennar og samstarfsmönnum fannst hún ekkert breytast. Það segir líklega til um vinnubrögð hennar, börnin voru í fyrirrúmi og krafðist hún þess að vinnufólkið á Sólheimum hefði það einnig að leiðarljósi. Þegar Sesselja var í vinnunni kom hún aldrei öðruvísi fram við mann sinn annað en sem samstarfsmann og var það gagnkvæmt enda var annað óviðeigandi (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Þetta sýnir hversu fagleg Sesselja var á sínu sviði sem var ekki algengt á þessum tíma. Umönnunarstarfið var hennar hugsjón og vildi hún gera allt sem í hennar valdi stóð svo börnunum liði vel.

Í gegnum árin stóð Sesselja í baráttu við bæjaryfirvöld sem snérist um rekstur Sólheima en hún lét aldrei deigan síga eða lét aldrei í lægri hlut fyrir þeim. Margoft var reynt að taka af henni reksturinn og ítrekað reynt að loka staðnum en án árangurs. Barnavernd og barnaverndarráð höfðu aðrar hugmyndir um rekstur heimilisins og reyndu að segja Sesselju fyrir verkum sem hún tók jafnan vel. Samt sem áður fór hún sínu fram eftir og byggði starfsemi heimilisins og umönnun barnanna á menntun sinni og reynslu (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Það reyndi oft á þrauseigju Sesselju en peningaleysi og áróður bæjaryfirvalda um að Sesselja þyrfti að koma betur til móts við þarfir fatlaðra barna var mikil. Sesselja ákveður að verða við þeirri ósk og á næstu árum fyllast Sólheimar af börnum með þroskahömlun á öllum aldri en það var markmið barnaverndarráðs að gera Sólheima að stað fyrir þennan barnahóp. Þrátt fyrir það voru fósturbörn Sesselju áfram hjá henni á Sólheimum. Í dag eru fósturbörn hennar orðnir að fullorðnum einstaklingum sem búa ennþá á Sólheimum. Sesselja var gagnrýnd fyrir það að vilja ein stjórna rekstrinum á Sólheimum en erlendis var þekkt að samfélögum á borð við Sólheima var stjórnað af nefndum þar sem ríkti jafnrétti og valddreifing. Þetta þótti manni hennar ekki til sóma og vildi hann heldur fá ung börn sem hann gæti kennt og komið til þroska og senda þau út í samfélagið sem þroskuðum

einstaklingum. Þetta þótti Sesselju fáránlegt; hún leit á þessi börn sem sín eigin og Sólheimar var heimili þeirra og tók hún ekki í mál að fara frá börnum sínum eða öllu heldur að börnin færu frá henni. Viðhorf Sesselju og Noah breyttust og urðu ólíkari með tímanum sem endaði með því að Noah yfirgefu Sólheima (Jónína Michaelsdóttir, 1990). Það má segja að hugmyndir Noah um endurhæfingu og þjálfun barnanna hafi verið á undan sinni samtíð á þeim tíma, því Sólheimar voru ekkert annað en geymsla fyrir þessi börn þar sem þau fengu takmarkaðan skammt af umhyggju og nálægð, að mati Noah.

Á árunum 1958-1974 hófst ný uppbygging á Sólheimum en þá tóku hagsmunasamtökin Lionsklúbburinn við sér og ljáðu Sesselju hjálparhönd við hinum ýmsu verkefnum sem brýna þörf var á. Lionsklúbbsmönnum blöskraði ástandið á Sólheimum og vildu ólmir taka til hendinni en einkunnarorð þeirra var, Við leggjum lið, en það átti svo sannarlega vel við. Lionsmenn losa Sesselju við umstang og peningaumsýslu varðandi framkvæmdir og voru allar framkvæmdir unnar að hennar vilja og undir hennar stjórn. Félagsstarfið á staðnum komst fljótt í fastar skorður fyrir tilstilli þeirra en það var lítið fyrir og voru íbúar sem starfsmenn þakklátir og leit Sesselja á þá sem verndarengla og ævinlega vini. Sesselja gerði m. a. s. samning við þá þess efnis að hún myndi ekki fara í neina uppbyggingu án samráðs við þá. Sá samningur hélt þó ekki alltaf (Jónína Michaelsdóttir, 1990).

## **Kveðjustund**

Sesselja Hreindís Sigmundsdóttir var 72 ára gömul þegar hún lést. Fólk var slegið yfir þessum fréttum en enginn meira en samfélagið á Sólheimum og íbúar þess en þar ríkti örvænting eftir fráfall hennar. Íbúar voru ráðvilltir, niðurbrotnir og reiðir, þeim fannst Sesselja hafa yfirgefið sig. Vinur Sesselju, sr. Ingólfur Ástmarsson, prestur á Mosfelli, jaðsöng hana og minnst hennar með þessum orðum:

„Engum sem kemur til Sólheima um þessar mundir getur dulist, að þar hafa töluverðar framkvæmdir átt sér stað þau fjörtíu og fimm ár sem heimilið hefur starfað: húsbyggingar, hitaveita, túnrækt, ylrækt, sundlaug o. s. frv. En ég efast um að margir geti gert sér grein fyrir því nú, hve mikil afrek þessar framkvæmdir eru, hve mikill persónulegur sigur forstöðukonunnar sérhver framkvæmd hefur verið. Þótt margir hafi lagt þar til ágætt lið, þá hefur allt sem þar hefur gerst, byggst á sterkum persónuleika

hennar og sigrandi vilja.

Víst er, að enginn, sem ekki man kjör almennings á fjórða tug aldarinnar, getur gert sér grein fyrir hvílíkt afrek þessi kona hefur unnið, að sigrast á öllum þeim örðugleikum sem við var að stríða, bæði fjárhagslegum og öðrum sem áttu rætur að rekja til hvors tveggja: skorts á skilningi á vandamálum verkefnisins og skorts á samúð með hinni merku viðleitni.

Stærsta afrekið í ævistarfi frú Sesslju virðist mér vera mótun heimilislífsins, þess andrúmslofts sem ríkir á Sólheimum. Óþvinguð, frjálsmannleg en þrúðmannleg og vingjarnleg framkoma barnanna hennar ber uppeldisáhrifunum vitni sem ekki verður véfengt. Engum getur dulist, að vistfólki líður þar svo vel sem verða má, og kemst þar til þroska vonum framar.

Ég hygg, að þeir sem gerst þekkja til Sólheima, og allir, sem sannar spurnir hafa af því starfi sem þar hefur verið rækt í hálfan fimmta áratug, muni vera mér sammála um, að enginn meðalmaður hefði getað áorkað því ævistarfi sem Sesselja Sigmundsdóttir hefur unnið”.

*-(Jónína Michaelsdóttir, 1990; s. 291-292).*

### **Kafli 3. Samfélagið á Sólheimum**

Í þessum kafla ætla ég að fjalla almennt um samfélagið á Sólheimum, uppbyggingu þess, verkefni og búsetuform til að varpa betur sýn á fyrirkomulag samfélagsins. Ég tel það mikilvægt til að skilja hvernig samfélagið starfar.

Markmið Sólheima er að skapa sjálfbært samfélag sem er byggt af fólki sem leggur áherslu á ræktun manns og náttúru. Þar er lögð áhersla á eigin matvælaframleiðslu, byggingar eru í sátt við náttúruna, eigin orkuöflun, lífræna ræktun, vinnslu afurða úr náttúrulegum efnum og endurvinnslu. Við hvert hús eru litlir kofar sem matarleifar eru settir í og þeir svo sóttir og endurunnir (sama hvort þú ert með þroskahömlun eða ekki). Atvinnustarfsemi á Sólheimum verður að taka mið af efnahagslegum og félagslegum áhrifum á samfélagið og er í sátt við náttúruna. Sólheimar starfrækja félagsþjónustu fyrir fólk með sérþarfir þar sem einstaklingnum er veitt þjálfun og leiðsögn með það að markmiði að gera þeim kleift að lifa eðlilegu lífi og hasla sér völl í samfélaginu þar sem þeim vegnar best. Sólheimum er heimilt að koma upp og reka félagslegar íbúðir, svo og leigja lóðir fyrir íbúða- og atvinnuhúsnæði. Sólheimar standa að þróunaraðstoð við einstaklinga með sérþarfir erlendis á eigin vegum eða í samstarfi við aðra.

Hornsteinar starfsins á Sólheimum eru annars vegar sú að byggðin er með skýra og jákvæða

ímynd sveitaþorps þar sem mannvirðing er höfð í öndvegi og hins vegar sú að náttúrunni er sýnd virðing og leitast er við að vernda náttúrulega ferla og stuðla að umhverfisvernd eins og frekast er unnt. Samfélagið er samheldið og fjölbreytt samfélag þar sem ríkir traust og virðing milli manna og íbúum og gestum líður vel. Hver einstaklingur er mikilvægur og hefur hlutverki að gegna í samfélaginu. Þannig finnst fólki þau skila sínu til samfélagsins og vera hluti af stærri heild, það styrkir bæði sjálfstraust og sjálfsöryggi.

Frá upphafi hefur atvinnustarfsemi á Sólheimum verið í tengslum við handverk og sköpun, búskap og garðyrkju og afurðir þess seldar á sölusýningum í Reykjavík fyrir jólin (Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, 1981). Í gegnum árin hefur salan verið það mikil að sölusýningar hafa verið haldnar á fleiri stöðum sem og á staðnum sjálfum. Í dag er atvinnustarfsemi byggð á lífrænni ræktun, garðyrkju og marvælaframleiðslu, handverki og iðnaði úr náttúruafurðum, auk náttúru- og heilsutengdri ferðaþjónustu. Sölusýningin er árleg hefð og er alltaf fyrir jólin. Menningarlífið á Sólheimum er öflugt en það er tengt fjölbreyttum listgreinum ásamt umhverfistengdri fræðslustarfsemi sem styrkir tengsl samfélagsins bæði inn á við og út á við. Byggðin á Sólheimum er sjálfbær þar sem tengsl náttúru, mannlífs og byggðar eru sterk. Samanber kenningar Rudolfs Steiners hér að ofan.

Byggðin á Sólheimum er falleg og er alveg í takt við náttúruna en það er eitt af markmiðum Sólheima. Helstu byggingar eru reistar eftir 1985 og eru byggðar fyrir gjafa- og söfnunarfé, án opinberrar aðstoðar og framlags úr framkvæmdasjóði fatlaðra. Skoðum helstu áfanga sögu uppbyggingar á Sólheimum:

- **Íþróttaleikhús** Sólheima var m.a. reist fyrir söfnunarfé með Íslandsgöngu Reynis Péturs Ingvasonar. Gólfflötur íþróttaleikhússins er 759 fermetrar og tekur aðalsalurinn um 200 manns í sæti. Á jarðhæð er aðstaða fyrir líkamsrækt, sjúkraþjálfun og nudd.
- **Ólasmiðja** var tekin í notkun 5. júlí 1995 á 65 ára afmæli Sólheima og er 754 ferm. að stærð Ólasmiðja er fyrsta sérbyggða handverkshúsið á Sólheimum og ber nafn Óla M. Ísakssonar sem heimsótti Sólheima fyrst 92 ára og varð mikill velgjörðamaður Sólheima. Í Ólasmiðju er kertagerð Sólheima og trésmíða- og hljóðfæraverkstæði.
- **Ingustofa** var tekin í notkun 5. júlí árið 2000 á 70 ára afmæli Sólheima. Ingustofa ber nafn Ingu Berg Jóhannsdóttur, stofnanda Húsasmíðjunnar sem var mikill velgjörðarmaður

Sólheima. Húsið er 464 ferm. að stærð. Í Ingustofu er listsýningarsalur og fjórar vinnustofur, listasmiðja, vefstofa, jurtastofa og leirvinnslustofa.

- **Sesseljuhús**

Sesseljuhús var formlega tekið í notkun 5 júlí árið 2002 þegar eitthundrað ár voru liðin frá fæðingu Sesselju Hreindísar stofnanda Sólheima. Húsið er sýningrhús um sjálfbæra byggingar og fræðslumiðstöð um umhverfismál. Ríkissjóður veitti 70 m. kr. framlag til byggingar hússins

- **Sólheimakirkja**

Sólheimakirkja var vígð 5 júlí 2005 á 75 ára afmæli Sólheima. Sigurbjörn Einarsson biskup og Magnea Þorkeldsdóttir tóku fyrstu skóflustunguna að kirkjunni en herra Karl Sigurbjörnsson biskup Íslands vígði kirkjuna. Kirkjan var eingöngu byggð fyrir gjafarfé ([http://www.solheimar.is/default4.asp?Sid\\_NR=654&E\\_NR=626&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=654](http://www.solheimar.is/default4.asp?Sid_NR=654&E_NR=626&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=654)).

Í framhaldi er viðeigandi að líta á búsetu á Sólheimum þar sem hugmyndafræðin í dag snýst um notendastýrða þjónustu og sjálfstæða búsetu. Markmiðið er að gera búsetuna eins sjálfstæða og mögulegt er, en búsetan á Sólheimum hefur breyst í áranna rás.

### **Búsetuform á Sólheimum**

Búseta á Sólheimum er með þrennum hætti; í fyrsta lagi er það búseta þar sem meirihluti íbúa býr í einstaklings eða paríbúðum. Íbúarnir standa sjálfir undir heimilishaldi með eigin tekjum og örorkulífeyri, heimilishald er á ábyrgð íbúanna en þeir njóta aðstoðar Félagsþjónustu Sólheima. Íbúar geta hringt hvenær sem er og fengið þá aðstoð sem þeir þurfa á að halda. Í öðru lagi er það sambýli en þeim hefur farið fækkandi, þau er 2 talsins í dag. Tilgangurinn er að reyna að hafa búsetuna eins sjálfstæða og mögulegt er. Þar er heimilisrekstur greiddur af íbúum sem taka þátt í daglegum heimilisstörfum eftir því sem þau geta og hæfileikar leyfa. Stuðningsfulltrúar hafa aðstöðu í húsunum og dvelja þar í viku í senn. Til stendur að leggja niður eitt sambýli þar sem markmið Sólheima er að stuðla að sjálfstæðri búsetu. Í þriðja lagi er það einstaklingsíbúðir með sameiginlegu þjónusturými. Heimilisrekstur er greiddur af íbúum og eru þetta litlar íbúðir sem samanstendur af lítilli stofu, baðherbergi og litlum svölum. Frammi er svo sameiginlegt rými þar

sem þau hittast og njóta félagsskapar hvert af öðru. Flest þeirra óska eftir því og nota sameiginlega rýmið meira en íbúðina sína.

Til að bera saman hvernig þróunin varðandi búsetu og fagmenntað starfsfólk hefur verið á Sólheimum skulum við líta á úttekt sem gerð var á vistheimilinu Sólheimum, eins og það var kallað á þessum tíma, en það var unnið á vegum félagsmálaráðuneytisins og stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra af Margræti Arnljótsdóttur sem kom út í mars árið 1981. Eins og staðan var þá voru húsmæður og húsfæður sem sáu um að skapa sem eðlilegast heimilislífi. Þá bjuggu “vistmenn” og starfsfólk í sama húsi og var það mjög algengt að hjón tóku að sér slíkt starf. Alla sérfræðipjónustu þurfti að leita til sveitafélagsins eins og gert er ennþá í dag. Fagmenntað starfsfólk var hjúkrunarfræðingur, kennarar, sjúkralíði og 2 þroskaþjálfar en þau unnu öll sem fagmenn á sínu sviði og sem húsmæður og húsfæður. Einnig voru erlendir starfsmenn sem komu frá Evrópu sem unnu fyrir fæði og húsnæði en það stóð ekki lengi. Á þessum tíma var mikið um starfsmannaskipti en meðaltími starfsmanna var 1 ár og 3 vikur (Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, 1981). Með minni upplýsingaöflun komst ég því að starfsmannaskipti í dag eru talsvert minni en það breyttist með tilkomu vaktafyrirkomulags og ráðningu fleira starfsfólks og að sjálfsögðu með betri samgöngum.

Fjöldi vistmanna frá árinu 1974 – 1980 voru 40 (Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, 1981) og hefur það lítið sem ekkert breyst til dagsins í dag. Samkvæmt úttekt félagsmálaráðuneytisins árið 1981 var búsetan með allt öðru sniði, en þá voru heimilin kölluð vistheimili þar sem aldrei færri en 7 vistmenn bjuggu saman ásamt starfsmönnum og börnum þeirra. Í janúar sama ár voru 40 vistmenn, 26 starfsmenn og 15 börn starfsmanna sem voru íbúar Sólheima. Á þeim tíma bjuggu um 45% vistmanna í einstaklingsherbergjum og 30% bjuggu tveir saman í herbergi (Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, 1981). Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar frá árinu 2002 var enginn starfandi þroskaþjálfari þar af leiðandi naut ekki við fagþekkingar þessarar stéttar á því sviði. Þá var það í verkahring svonefndra þjónustustjóra samkvæmt starfslýsingu að búa til og skipuleggja meðferðaráætlanir og ákveða þjónustustig fyrir fatlaða íbúa og fylgja þeim eftir (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Forsvarsmenn Sólheima nefna að jafnvel þótt fallist sé á að æskilegt væri að t.d. fleiri þroskaþjálfar væru við störf þá hafi reynst erfitt að fá fólk með slíka menntun til starfa út á landsbyggðinni. Þroskaþjálfari sem komi til starfa að Sólheimum þurfi að flytja búferlum með fjölskyldu sína, fá íbúð við sitt hæfi, leikskólavist fyrir börnin og atvinnu fyrir maka. Reyndar komi skortur á þroskaþjálfum ekki svo mjög að sök þar sem á Sólheimum starfi fólk með ýmsa fagmenntun og reynslu sem nýtist við störf

að málefnum fatlaðra (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>).

## **Þjónustusamningur við Sólheima**

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir um þjónustusamning við Sólheima frá árinu 2002: „Stjórn Sólheima sagði samningnum upp á miðju ári 1996 m.a. á þeirri forsendu að eftir gildistöku sammingsins hefði Grímsnes- og Grafningsshreppur neitað að veita Sólheimum lengur ýmsa þjónustu sem hann hafði áður innt af hendi þar sem sveitarfélagið taldi að ríkið hefði tekið að sér að greiða fyrir þjónustuna samkvæmt samningnum. Stjórnendur Sólheima hafa einnig gefið þá skýringu á uppsögninni að þeir hafi í reynd talið sig nauðbeygða á sínum tíma til þess að undirrita samning, sem þeir voru langt frá því að vera sáttir við, til að fá áfram notið framlaga frá ríkinu. Þá hafi þeir ekkert fengið að vita um hvaða forsendur lágu til grundvallar kostnaði við útreiknaða þjónustuþörf fatlaðra íbúa. Þrátt fyrir uppsögn sammingsins hélt ráðuneytið áfram að greiða fyrir þjónustu við hina fötluðu íbúa og Sólheimar áfram að sinna fötluðum íbúum. Það er afstaða ráðuneytisins að þau framlög, sem Sólheimar hafa fengið samkvæmt fjárlögum eftir þann tíma, hafi eigi að síður grundvallast á þeim forsendum, sem lagðar voru í umræddum samningi” (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>).

Framkvæmdarstjórn Sólheima var veitt fullt umboð til að segja upp þjónustusamningnum og fór framkvæmdarstjórnin fram á umræður um samninginn með bréfi þann 12. júní 1996. Þegar félagsmálaráðuneytið hafði ekki gefið svar þess efnis, ákvað framkvæmdarstjórn Sólheima að segja upp samningnum þann 27. júní árið 1996. Þann 26. nóvember 1996 var samningnum framlengt óbreyttum næstu 2 árin en var ekki undirritaður, þó var framkvæmdarstjórn Sólheima sendur samningurinn til undirritunar án árangurs (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Sólheimar hafa í rauninni verið sammingslaus síðan árið 1999 en hafa samið fyrir 1 ár í senn (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Baráttan um þjónustusamninginn stendur enn þann dag í dag þar sem málin standa þannig að samið er frá mánuði til mánaðar þar sem samningar hafa ekki náðst vegna ágreiningar milli bæjarfélags og framkvæmdastjórn Sólheima.

Samkvæmt sjónarmiði forsvarsmanna Sólheima síðan 2002 er það að staðurinn fái að halda sem mestu sjálfstæði gagnvart ríkinu og fái að þróast á eigin forsendum. Ríkið leggur Sólheimum til fjármuni til að annast þroskahefta íbúa staðarins, aðstoða þá við búsetu, sjá þeim fyrir atvinnu og liðsinna með öðrum hætti, en þar með sé ekki sagt að ríkið eigi að stjórna Sólheimum. Lögð er áhersla á að staðurinn fái að þróast áfram sem vistvænt og sjálfbært byggðahverfi. Viðurkenna þurfi

sérstöðu Sólheima og þá hugmyndafræði sem liggur til grundvallar starfseminni (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Þarna má sjá hugmyndafræði Sólheima stangast á við ríkjandi hugmyndafræði sem felst í að leggja niður sérstök vistheimili eða stofnanir fyrir fatlaða en gera þeim þess í stað mögulegt að lifa sjálfstæðu lífi og fá til þess nauðsynlega þjónustu. Þrátt fyrir að forráðamenn Sólheima láti að því liggja að ekki sé um vistheimili eða stofnun að ræða heldur byggðahverfi má á ýmsum sviðum greina ákveðinn stofnanabrag á starfseminni. Þetta birtist m.a. í sameiginlegri yfirstjórn og starfsmannahaldi, félagsstarfi fyrir alla íbúa staðarins, sameiginlegum morgunfundum og nokkurri forræðishyggju sem felst í reglum um hvað má og ekki má (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Forsvarsmenn Sólheima andmæla því að þjónustu skorti við fatlaða íbúa og telja þvert á móti að þetta búsetuform auki á lífsgæði hinna fötluðu. Þeir benda á að þeir fagaðilar sem sinna eftirliti með þjónustu sem veitt er fötluðum hafi aldrei gert athugasemdir við starfsemina (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>).

### **Að rýna til gagns: Um gagnrýni á rekstur og hugmyndafræði Sólheima**

Gagnrýnin á Sólheima snýst annars vegar um það að hópurinn sem býr eða hefur sest að á Sólheimum sé og hafi alltaf verið einsleitur og bjóði ekki upp á mikla fjölbreytni (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Samkvæmt minni upplýsingaöflun með vettvangsheimsóknnum á Sólheima og það sem kom fram í viðtölum sem ég tók við íbúa á Sólheimum sé ég fjölbreyttan hóp af fólki sem er ólíkt á mörgu sviði en hefur margt sameiginlegt og hefur margt að leggja til samfélagsins. Þarna ríkir mikill kærleikur á milli fólksins og persónuleiki hvers og eins fær að njóta sín í formi sköpunarkrafts og vinnu. Á Sólheimum er fólk sem hefur ekki tekist að fóta sig í stóru samfélagi eins og í Reykjavík en hefur tekist það á Sólheimum (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Staðurinn er rótgróinn og er byggður á gömlum hefðum og svífur andi Sesselju yfir vötnum ef svo mætti að orði komast. Þarna er afskaplega fallett umhverfi, ró og næði og fólk með þroskahömlun og án þroskahömlunar eru algjörlega á sama jafnréttisgrundvelli. Þarna lifir hver einstaklingur sínu lífi eftir sínu höfði en fær þá þjónustu sem hann þarf á að halda en aðeins þegar honum hentar og þegar hann vill. Fólk hefur frelsi til að ganga til og frá vinnu en það er nokkuð sem er óvanalegt í stærri samfélögum. Það sækir í félagsskap hvors annars og er óhrætt að hafa frumkvæði að samskiptum. Því sem ég komst að er aðgengi að starfsfólki gott. Þrátt fyrir það er skortur á fagmenntuðu starfsfólki á staðnum sem þýðir að sérþekking er ekki mikil.



(<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Það sem kom fram í vettvangsathugun, sem ég framkvæmdi á staðnum, er að þekking og reynsla sé mikil og hefur gagnrýnin beinst mikið að þessum þætti. Fyrir vikið er hugmyndafræði og gæði þjónustunnar minni en gengur og gerist og kemur það í hlut fagmanneskjunnar að uppfylla en eins og komið hefur fram er skortur á fagþekkingu. Eins og staðan er í dag á Sólheimum er aðeins 1 starfandi þroskaþjálfari og er því við hæfi að líta á 5. grein í siðareglum þroskaþjálfara en þar segir: „Þroskaþjálfari skal jafnan sýna drengskap í samskiptum við starfsfélaga. Honum ber að forðast hvaðeina sem rýrt getur álit almennings á starfi þroskaþjálfara eða skert hagsmuni stéttarinnar” (<http://www.landlaeknir.is/pages/451>). Þroskaþjálfinn á Sólheimum þarf daglega að verja bæði sinn heiður sem og heiður staðarins. Þar sem hann er eini þroskaþjálfinn sem er menntaður á sviði málefna fatlaðs fólks er það hans hlutverk að upplýsa alla starfsmenn um hlutverk sitt.

Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar höfðu þeir sem sinntu eftirliti með þjónustunni á Sólheimum engum athugasemdum skilað og höfðu ekkert út á að setja (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Sterk teymisvinna samanstandur af forstöðumanni heimilissviðs, forstöðumanni atvinnusviðs, kennara, þroskaþjálfara og tengil viðkomandi. Teymið hittist formlega einu sinni á ári þegar þjónustusamningur er gerður fyrir viðkomandi (Guðrún J. Kristjánsdóttir munnleg heimild, 10. September 2010). (Sjá viðauka 1). Einnig kemur fram í skýrslu Ríkisendurskoðunar að hugmyndafræði Sólheima gengur að einhverju leyti gegn ríkjandi hugmyndafræði í málefnum fatlaðs fólks sem felist í því að leggja niður allt sem heitir sambýli eða vistheimili fyrir fatlaða og í staðinn geti fólk með þroskahömlun stofnað sér heimili eins og allir aðrir, til að mynda í þjónustukjörnum eða íbúðasambýlum og sjálfstæðri búsetu þar sem þau eru húsbóndar á sínu eigin heimili (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). En margt hefur breyst á 9 árum síðan skýrslan kom út; eins og staðan er í dag á Sólheimum er ekkert sem heitir sambýli eða vistheimili fyrir utan eitt hús sem er heimili fyrir eldri íbúa með sameiginlegu þjónusturými. Þar starfa þroskaþjálfari og sjúkraliði svo sérþekking er þónokkur, ásamt öðru reynslumiklu starfsfólki. Að öðru leyti er búsetuformið alfarið sjálfstæð búseta þar sem markvisst er reynt að efla sjálfstæði, valdeflingu og sjálfsákvörðunarrétt hvers og eins. Samkvæmt skýrslu Ríkisendurskoðunar var meðalaldurinn árið 2002 á Sólheimum 49 ár (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>) en í dag er hann orðinn 54 ár, yngsti íbúinn er 21ns árs og sá elsti 75 ára (Guðrún J. Kristjánsdóttir munnleg heimild, 10. september 2010). Ástæðan fyrir hækkandi aldri er sú að margir fatlaðir komu til Sólheima sem börn og hafa því búið þar mestan hluta ævi sinnar. Eðli málsins samkvæmt þekkja því margir þeirra ekki annað en búsetu á Sólheimum og hafa tengst staðnum sterkum böndum

(<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>).

#### **Kafli 4. Mismunandi skoðanir og réttindagæsla**

Sveitarstjórnir skulu sinna ferlimálum fatlaðra með skipulögðum hætti, m.a. með gerð áætlana um endurbætur á aðgengi opinberra bygginga og þjónustustofnana í samræmi við ákvæði byggingarlaga og byggingarreglugerðar, sbr. og skipulagslög og skipulagsreglugerð. Í 32. grein í lögum um málefni fatlaðs fólks segir: „Sveitarfélög skulu gefa fötluðu fólki kost á ferðapjónustu. Markmið ferðapjónustu fatlaðs fólks er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsfarartæki vegna fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda. Jafnframt skal fatlað fólk eiga rétt á ferðapjónustu á vegum sveitarfélaga vegna aksturs á þjónustustofnanir skv. 1.–3. tölul. 2. mgr. 9. gr. og vegna annarrar sérstakrar þjónustu sem því er veitt sérstaklega. Ráðherra er heimilt að gefa út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélögin um rekstur ferðapjónustu fyrir fatlað fólk á grundvelli ákvæðis þessa. Sveitarstjórnnum er jafnframt heimilt að setja reglur um þjónustuna á grundvelli ákvæðisins og leiðbeinandi reglna ráðherra. Þá er sveitarfélögum heimilt að innheimta gjald fyrir ferðapjónustu fyrir fatlað fólk samkvæmt gjaldskrá sem sveitarstjórnir skulu setja og skal gjaldið þá taka mið af gjaldi fyrir almenningsgangur á viðkomandi svæði” (Lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992).

Það hefur verið ágreiningsefni innan ferðapjónustunnar hvort að þeim beri eða beri ekki að veita þjónustuna til Sólheima og sé það vegna fjarlægðarinnar. Vegna þessa eiga íbúar Sólheima erfitt með að sækja þjónustu eða afþreyingu utan samfélagsins þar sem samgöngur eru af skornum skammti. Þarna er einn vinkill á gagnrýnina sem hefur beinst gagnvart Sólheimum; talað hefur verið um fangelsi og að frelsi fólksins sé nánast ekkert vegna þessa. Þegar brotið er á réttindum fólks þá skerðist frelsið, þess vegna er nauðsynlegt að réttindagæsla sé höfð að leiðarljósi í málefnum sem þessum. Réttindabarátta og réttindagæsla er stór þáttur í starfi þroskaþjálfara og hefur stéttin frá upphafi barist fyrir bættum kjörum fatlaðs fólks og rutt brautina til jafnra tækifæra og jafnréttis. Í lögum um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 er sérstaklega kveðið á um réttindagæsluna, en þar segir:

36. grein. Starfsmenn, sem sinna þjónustu við fatlað fólk og starfa á stofnunum fyrir fatlað fólk, skulu standa vörð um hagsmuni þess og gæta þess að réttindi þess séu virt.

37. grein. Í því skyni að treysta réttindi fatlaðra einstaklinga skal ráðherra skipa þeim trúnaðarmenn að fengnum tillögum heildarsamtaka fatlaðs fólks. Skilyrði er að trúnaðarmenn hafi

þekkingu og reynslu af málefnum fatlaðs fólks.

Trúnaðarmaður fylgist með högum fatlaðs fólks og skulu forstöðumenn viðkomandi heimila, þegar við á, veita honum nauðsynlegar upplýsingar þar að lútandi. Sé um að ræða skráðar upplýsingar um persónuleg atriði eða upplýsingar um einkafjármuni fatlaðs einstaklings skal leitað eftir samþykki hans.

Telji fatlaður einstaklingur að réttur hans sé fyrir borð borinn getur hann tilkynnt það trúnaðarmanni sem veitir honum nauðsynlegan stuðning og kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður fatlaðan einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 5. gr. a, og metur, í samræði við einstaklinginn, hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.

Telji aðstandendur fatlaðs fólks, hagsmunasamtök fatlaðs fólks eða aðrir sem láta sig hag fatlaðs fólks varða að réttur fatlaðra einstaklinga sé ekki virtur skal tilkynna það trúnaðarmanni sem kannar málið tafarlaust. Að lokinni könnun aðstoðar trúnaðarmaður fatlaðan einstakling við að kæra málið til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála þegar það á við, sbr. 5. gr. a, og metur hvort hann tilkynnir um málið til velferðarráðuneytis.

Trúnaðarmaður veitir fötluðum einstaklingi stuðning við meðferð málsins sé þess óskað.

Kostnaður vegna trúnaðarmanna fatlaðs fólks greiðist úr ríkissjóði.

Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð um trúnaðarmenn fatlaðs fólks, svo sem um fjölda þeirra (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum).

## Samstarf við Fangelsismálastofnun og önnur verkefni

Sólheimar eru í samstarfi við Fangelsismálastofnun en það felur í sér samfélagsaðlögun fyrirmyndarfanga. Hlutverk fanganna er að vinna og skila sínu til samfélagsins en þetta verkefni hefur gefið mjög góða raun. Tveir til þrír fangar dvelja á Sólheimum í einu og ganga þar til starfa og félagslegrar þátttöku eins og hver annar. Skýrar reglur eru um dvöl fanga og ber að fara eftir þeim án undantekninga. Með vettvangsheimsóknnum mínum á Sólheima komst ég að því að fangar fá þetta einstaka tækifæri til að byggja upp tengsl við fjölskyldu sína hvort heldur það er með heimsóknnum í lengri eða skemmri tíma. Að því sem ég komst að voru þetta einungis konur sem tóku þátt í þessu verkefni í þeim tilgangi að rækta samband sitt við börn sín. Þetta kom mér virkilega á óvart en eins og fram hefur komið, á Sólheimum er komið fram við alla á jafnréttisgrundvelli.

Sólheimar eru einnig í samstarfi við Svæðisvinnumiðlun Suðurlands en tilgangur þess er að skapa langtímaatvinnulausum einstaklingum tækifæri til atvinnuþátttöku og félagslegrar aðlögunar. Annað verkefni sem hefur vakið mikla athygli erlendis er samstarf við erlend og innlend sjálfbóðasamtök til þess að gefa útlendingum tækifæri til að kynna sér og upplifa samfélagið á Sólheimum og Íslandi með þátttöku í daglegu lífi í byggðahverfinu. Sjálfbóðaliðarnir eru á öllum aldri og koma frá Asíu, Evrópu og Ameríku. Þeir kynna sína menningu fyrir fólkinu á Sólheimum en það er hluti af verkefni þeirra. Ásamt öllu þessu eru Sólheimar í samstarfi við hin sjálfbæru samfélögin (eco-village) sem er samfélagið á Solakra í Jarna í Svíþjóð og Camphill hreyfinguna í Bretlandi en þetta eru einu sjálfbæru samfélögin í heiminum sem vitað er um.

## Kafli 5. Hugmyndafræði Sólheima og markmið

### Mótun og þróun

„Hugmyndafræði Sólheima byggist á traustum grunni grunni sem var lagður fyrir tæpum 80 árum.“ segir á heimasíðu Sólheima ([http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid\\_NR=634&E\\_NR=606&VS=1VS1.asp&VT=634](http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid_NR=634&E_NR=606&VS=1VS1.asp&VT=634)). Í upphafi var markmiðið að leggja þeim börnum lið sem bjuggu við erfðar aðstæður en fljótlega var þörfin orðin brýn fyrir fötluð börn en Sesselja ákvað að koma á móts þeirri þörf með því að taka á móti þeim. Sólheimar þroskast, þróast og breytast eins og samfélagið. Markmið Sólheima er að hámarka lífsgæði skjólstaðinga sinna. Það er gert með margvíslegum hætti, t. d. með skapandi starfi, öfluglu félagslífi, hæfu starfsfólki, þjálfun

og örvun, samfélagsþátttöku, kristilegu starfi, öryggi og góðri aðstöðu. Öll þjónusta á Sólheimum er einstaklingsmiðuð, reglulega endurmetin og það tryggt eins vel og hægt er að einstaklingurinn sjálfur komi að ákvörðunartöku um eigið líf. Þjónustusamningar eru gerðir árlega við hvern einstakling. Þar koma fram ákveðnar upplýsingar um umsækjanda og gerð eru einstaklingmiðuð markmið fyrir hvert ár sem umsækjandi ákveður í samstarfi við fagaðila. Farið er svo yfir hvernig gekk að ná markmiði síðasta árs. (Sjá þjónustusamning í viðauka 1).

Skjólstæðingahópur Sólheima er fjölbreyttur; fatlaðir, langtímaatvinnulausir einstaklingar, fangar og krabbameinssjúkir. Auk þess búa á Sólheimum ungir sem aldnir, Íslendingar sem útlendingar. Fjölbreytni og tilgangur auk samfélagsþátttöku er það sem skiptir máli. Fötlun eða fangi er aukaatriði, einstaklingurinn þroski hans og þróun er aðalatriðið. Byggt er á öfugri blöndun, þar sem samfélagið er byggt upp með þarfir skjólstæðinga að leiðarljósi og hinum "ófatlaða" er blandað inn í samfélagið ([http://www.solheimar.is/default4.asp?Sid\\_NR=634&E\\_NR=606&VS=1VS1.asp&VT=634](http://www.solheimar.is/default4.asp?Sid_NR=634&E_NR=606&VS=1VS1.asp&VT=634)). Það má segja að hugmyndafræði Sólheima tengist að einhverju leyti hinu breska félagslega líkani en það er eitt þekktasta félagslega sjónarhornið í fötlunarfræðinni. Þetta sjónarhorn er talið vera róttækt og umdeilt vegna þess að það leggur áherslu á að samfélagið og umhverfið sé fötlunin í sjálfu sér. Umhverfið, það félagslega, sé hindrunin og heftir þar með einstaklinginn til að taka þátt í hinu daglega lífi. Félaglega líkanið var upphaf í baráttu fatlaðra í kringum 1976, baráttan snérist um bættan hag fatlaðra, koma í veg fyrir innlögn á stofnanir, hvetja til atvinnuþátttöku og jöfnuð úti í samfélaginu. Líkanið átti að fá fólk til að endurskoða hug sinn til hins fatlaða og hugtaksins fötlun og þar með skapa jafnréttisgrundvöll fyrir alla (Rannveig Traustadóttir, 2005). Breska félagslega líkanið hefur haft gríðarlega mikil áhrif á umræðu um málefni fatlaðra, það hefur sýnt fram á það að fötlunin er ekki einungis líffræðileg heldur sýnt fram á getu hins fatlaða og margbreytileika einstaklingsins. Það hefur einnig beint sjónum sínum að hindrunum í samfélaginu og hvað má fara betur í umhverfinu. Með tilkomu breska félagslega líkansins hefur baráttu fatlaðra stuðlað að miklum breytingum með breyttu hugarfari, fræðslu og vitundavakningu varðandi málefni fatlaðra (Rannveig Traustadóttir, 2006). Annað sjónarhorn sem Sólheimar gætu tengst er norræna tengslasjónarhornið en það skiptist í þrjá megin þætti. Í fyrsta lagi er um að ræða fötlun sem misræmi milli einstaklings og umhverfis. Einstaklingur er skilgreindur fatlaður ef takmörkuð færni, veikindi eða skerðing leiða til þess að hann verður fyrir verulegum hindrunum í sínu daglega lífi. Fötlunin er háð umhverfinu og skilgreind í samræmi við það. Annar megin þáttur tengslasjónarhornsins er sá að fötlun er aðstæðubundin. Það að ákveðin skerðing leiði til fötlunar eða ekki ræðst af þeim aðstæðum sem einstaklingurinn tekst á við hverju sinni. Þriðji meginþátturinn er sá að fötlun er afstæð.

Skilgreiningar á þeim einkennum, bæði líkamlegum og andlegum, sem teljast fötlun eru oft félagslega ákvarðaðar og oft tilviljun hvar mörkin eru (Rannveig Traustadóttir, 2003). Samanber val á staðsetningu Sólheima og umhverfi þess.

## Kafli 6. Skipulagsskrá Sólheima

Sólheimar eru sjálfseignarstofnun og starfa eftir staðfestri skipulagðsskrá sem var samþykkt af fulltrúaráði Sólheima árið 2002. Hér er að sjá hvernig stjórn og fulltrúaráð er skipað samkvæmt skipulagðsskrá:

4. gr. Framkvæmdastjórn skal sjá um að Sólheimar ses. sé rekin í samræmi við gildandi lög og að þær hefðir sem skapast hafa í áratuga starfi stofnunarinnar séu í heiðri hafðar.

5. gr. Sólheimum ses. stjórnar fulltrúaráð skipað 17 fulltrúum. Kosning fulltrúa í ráðið fer fram á aðalfundi fulltrúaráðsins ár hvert og ræðst fjöldi þeirra, sem kosinn er hverju sinni, af því hversu kjörtímabil margra fulltrúaráðsmanna er á enda það árið. Falli fulltrúaráðsmaður frá eða hverfi hann úr ráðinu af öðrum ástæðum áður en kjörtímabili hans lýkur kýs fulltrúaráðið annan í hans stað á næsta aðalfundi ráðsins. Framkvæmdastjórn eða fulltrúaráðsmaður getur gert tillögu um nýjan fulltrúa í ráðið og skal tillaga um fulltrúa berast framkvæmdastjórn bréflaga a.m.k. viku fyrir boðaðan aðalfund ráðsins. Kjörtímabil fulltrúaráðsmanns er fjögur ár, sbr. þó ákvæði til bráðabirgða. Fulltrúaráðsmann má endurkjósa.

6. gr. Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal ráðið kjósa 5 menn úr hópi fulltrúaráðsmanna í framkvæmdastjórn til eins árs í senn. Stjórnarformann skal kjósa sérstakri kosningu. Stjórnarmenn skipta að öðru leyti með sér verkum. Endurkjósa má stjórnarmann. Meirihluti stjórnar skuldbindur stofnunina.

7. gr. Aðalfund fulltrúaráðsins skal halda fyrir lok maí ár hvert. Aukafundi ráðsins skal halda eftir ákvörðun framkvæmdastjórnar eða samkvæmt skriflegri ósk 5 fulltrúaráðsmanna eða fleiri, þar sem fundarefni er tilgreint. Aukafund skal þá boða innan 2ja vikna. Framkvæmdastjórn boðar til funda

fulltrúaráðsins með bréfi eða símskeyti eða á annan tryggan hátt.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir eftirgreind mál:

Ársskýrsla framkvæmdastjórnar.

Ársreikningar liðins starfsárs lagðir fram til staðfestingar.

Fjárhagsáætlun lögð fram til staðfestingar.

Kosning fulltrúa í fulltrúaráð í stað þeirra sem úr ráðinu eiga að ganga.

Kosning framkvæmdastjórnar skv. 6. gr.

Ráðning löggilts endurskoðanda skv. 9. gr. staðfest.

Kosning 2ja skoðunarmanna og eins til vara skv. 9. gr.

Önnur mál.

8. gr. Framkvæmdastjórn stýrir málefnum stofnunarinnar og gætir hagsmuna hennar í hvívetna. Framkvæmdastjórn skal leggja fyrir fulltrúaráðið allar þær meiriháttar ákvarðanir um rekstur stofnunarinnar, sem hún telur nauðsynlegt vegna mikilvægi málsins. Framkvæmdastjórn er heimilt að ráða framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur stofnunarinnar og setur honum erindisbréf. Eigi má veðsetja jörð og hús stofnunarinnar fyrir nýjum lánum nema með samþykki framkvæmdastjórnar. Eigi má binda eignir stofnunarinnar nokkrum veðböndum, kvöðum eða skuldbindingum, sem óviðkomandi eru tilgangi hennar.

9. gr. Starfsár og reikningsár Sólheima ses. er almanaksárið. Framkvæmdastjórn er heimilt að leggja árlega til hliðar sanngjarna fjárhæð til að tryggja fjárhagsstöðu og áframhaldandi rekstur stofnunarinnar. Á aðalfundi fulltrúaráðsins skal staðfest ráðning löggilts endurskoðanda til eins árs, er endurskoða skal reikninga stofnunarinnar. Ennfremur skal á aðalfundi ráðsins kjósa tvo skoðunarmenn reikninga stofnunarinnar úr hópi fulltrúaráðsmanna til eins árs og eins til vara til sama tíma.

10. gr. Breytingar á skipulagsskrá þessari og ákvörðunum um að hætta rekstri stofnunarinnar skulu samþykktar af 2/3 hluta fulltrúaráðsmanna. Verði ákvörðun tekin um að hætta rekstri Sólheima ses. og stofnunin lögð niður skal hrein eign hennar renna til hliðstæðra verkefna og tilgreind eru í 3. gr. eftir nánari ákvörðun fulltrúaráðs.

11. gr. Þar sem ákvæði samþykkt þessara ná ekki til um hvernig með skuli farið, skal hlíta ákvæðum laga um sjálfseignarstofnanir sem stunda

atvinnurekstur nr. 33/1999, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

12. gr. Skipulagsskrá þessi kemur í stað skipulagsskrár fyrir sjálfseignarstofnunina Sólheima frá 25. janúar 1993, sem jafnframt fellur úr gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.** Innan fjögurra vikna frá því að breytingar á skipulagsskránni hafa öðlast staðfestingu skal framkvæmdastjórnin boða fulltrúaráðið til fundar, þar sem fram fari kjör 17 manna í fulltrúaráð Sólheima ses. Skipunartíma núsitjandi fulltrúaráðsmanna lýkur þar með. Kjósa skal fjóra fulltrúa til eins árs, fjóra til tveggja ára, fjóra til þriggja ára og fimm til fjögurra ára. Kjörtímabil þeirra skal miðast við aðalfundardag árið 2004. Að loknu kjöri nýs fulltrúaráðs skal aldursforseti ráðsins boða til nýs fundar í ráðinu innan einnar viku eða þegar í stað, ef allir nýkjörnir fulltrúaráðsmenn ([http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid\\_NR=570&E\\_NR=542&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=570](http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid_NR=570&E_NR=542&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=570) sótt 5. mars 2011).

Í lögum um sjálfseignastofnun nr. 33/1999 er sagt í 4. grein, b lið: „Lög þessi taka ekki til: sjálfseignarstofnana sem sveitarfélög stofna alfarið eða leggja fé í til að fullnægja beinum lagalegum skyldum sínum”. Það hefur komið fram að félagsmálaráðurneytið hefur lagt fjármagn í rekstur Sólheima svo hér kemur greinilega í ljós hvernig stefna Sólheima og samfélagið þar hefur ekki með öllu fallið að óskum og hugmyndum yfirvalda.

## Kafli 7. Lög og reglugerðir

Hugum næst að því lagaumhverfi sem gildir um málefni fatlaðs fólks og þar með Sólheima að miklum hluta. Mikilvægt er að rýna í þann ramma sem löggjafinn hefur sett um málefni fatlaðs fólks.

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992, eru sérlög sem taka til félagslegrar þjónustu við fatlaða sem ekki er tryggð samkvæmt öðrum lögum. Lög um málefni fatlaðra tóku gildi árið 1992 eftir að búið var að endurskoða lögina. Svæðisskrifstofurnar fengu aukin verkefni og fóru að gegna stærra hlutverki fyrir fólk með þroskahömlun og aðstandendur þeirra. Hlutverk þeirra var að upplýsa fólk um möguleika þeirra, annast félagsmál og félagsþjónustu og komast á mótis við þarfir einstaklingsins. Þarna voru komin hagsmunasamtök sem báru aðallega hagsmuni fólks með



þroskahömlun fyrir brjósti. Fötluð börn fengu rétt til að vera á almennum leikskóla, fatlaðir einstaklingar fengu rétt á liðveislu sem átti að virkja félagslegu hliðina, fatlaðir fengu rétt á sérstakri ferðþjónustu sem átti að auðvelda samgöngur og fatlaðir gátu fengið styrk úr Framkvæmdasjóði fatlaðra sem átti að vera hvatning til að flytjast að heiman (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992). Markmið laganna er að tryggja fötlugu fólki jafnrétti og sambærileg lífskjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa þeim skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi. Við framkvæmd á markmiðum laganna skal tryggja heildarsamtökum fatlaðs fólks og aðildarfélögum þeirra áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni fatlaðra. Sá á rétt á þjónustu samkvæmt lögum þessum sem er andlega eða líkamlega fatlaður og þarfnast sérstakrar þjónustu og stuðnings af þeim sökum. Hér er átt við þroskahömlun, geðfötlun, hreyfihömlun, sjón- og heyrnarskerðingu. Enn fremur getur fötlun verið afleiðing af langvarandi veikindum, svo og slysum. Velferðarráðherra fer með yfirstjórn málefna fatlaðs fólks samkvæmt lögum þessum. Skal velferðaráðuneytið annast stefnumótun, gerð heildaráætlana og eftirlit með framkvæmd laganna. Fatlaðir skulu eiga rétt á allri almennri þjónustu ríkis og sveitarfélaga. Ávallt skal leitast við að veita fötlugu þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði menntunar og heilbrigðis- og félagsþjónustu. Reynist þjónustuþörf hins fatlaða meiri en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal hinn fatlaði fá þjónustu samkvæmt lögum þessum (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum).

### **Lög um búsetu**

Það er viðeigandi að skoða 10. grein í lög um málefni fatlaðs fólks um búsetu þar sem Sólheimar í Grímsnesi falla undir þann málaflokk en þar segir: „Fatlað fólk skal eiga kost á félagslegri þjónustu sem gerir því kleift að búa á eigin heimili og húsnæðisúrræðum í samræmi við þarfir þess og óskir eftir því sem kostur er. Sveitarfélag eða sveitarfélög sem standa saman að þjónustusvæði skulu tryggja að framboð á húsnæðisúrræðum skv. 1. mgr. sé til staðar jafnframt því að veita þjónustu skv. 1. mgr. Félagasamtök, sjálfseignarstofnun eða annar einkaaðili sem vill starfrækja húsnæðisúrræði eða þjónustu skv. 1. mgr. skal afla leyfis skv. 6. gr. a frá hlutæigandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum er standa saman að því þjónustusvæði þar sem húsnæðisúrræðið er staðsett. Húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk samkvæmt lögum þessum skulu vera í íbúðarbyggð, sbr. skipulagslög. Jafnframt skulu húsnæðisúrræðin staðsett nærri almennri og opinberri þjónustu sé þess nokkur kostur. Sveitarfélag gerir húsaleigusamning við fatlaðan einstakling sem býr í húsnæðisúrræði í samræmi við ákvæði húsaleigulaga og innheimtir húsaleigu á grundvelli þess samnings. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur í reglugerð 1 um húsnæðisúrræði samkvæmt ákvæði þessu í samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, þar á meðal hvernig ákveða skuli

fjárhæð húsaleigu í húsnæðisúrræðum og breytingar á þeirri fjárhæð, um rekstur heimilissjóða og greiðslur til þeirra og nánar um skipulag húsnæðisúrræða (Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum).

Samkvæmt þessu á einstaklingur með þroskahömlun að geta sótt um búsetu hjá sínu sveitarfélagi en eins og fram hefur komið eru Sólheimar sjálfseignarstofnun sem þýðir að umsókn hvers og eins fer í skoðun hjá teymi sem samanstendur af yfirmanni heimilissviðs sem jafnframt er þroskaþjálfari og yfirmanni atvinnusviðs. Umsækjandi er boðaður í viðtal og fundað er með honum ásamt aðstandendum.

## Niðurstöður

Niðurstöður eru þær helstar að litlar breytingar hafa átt sér stað síðan Úttekt félagsmálaráðuneytisins kom út árið 1981 og skýrsla Ríkisendurskoðunar árið 2002. Íbúafjöldi er sá sami, íbúum hefur hvorki fækkað né fjölgað, fagmenntuðu fólki hefur ekki fjölgað og mætti því ætla að sérþekkingin sé sú sama. Markmiðið hjá fulltrúaráði var aldrei að fjölga íbúum með þroskahömlun en í skýrslu Ríkisendurskoðunar segir: „Forráðamenn Sólheima gera ráð fyrir að íbúum staðarins fjölgi á næstu 15-20 árum um 50 íbúa og því verði íbúafjöldi á Sólheimum um 150 talsins. Ekki er gert ráð fyrir að fötluðum íbúum fjölgi frá því sem nú er. Stærð samfélagsins miðar við að persónuleg tengsl milli íbúa rofni ekki og hægt verði að veita öllum íbúum atvinnu og viðunandi þjónustu. Stefnt er að því að sem flestir fatlaðir íbúar fari í sjálfstæða búsetu og að sambýlum verði fækkað. Áætlað er að tveimur sambýlum sem eru á Sólheimum verði breytt í íbúðir með sameiginlegu þjónusturými” (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>). Því markmiði hefur náðst því nú hefur öllum sambýlum verið lokað og heimili fyrir eldra fólk hefur verið breytt í íbúðir með sameiginlegu þjónusturými.

Þegar Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi er gefin út eru svokallaðar húsmæður og heimilisfeður en þeirra hlutverk var að skapa sem eðlilegast heimilislífi fyrir vistmenn. Húsmæður- og feður bjuggu með vistmönnum og voru til taks allan sólarhringinn, algengt var að hjón tóku að sér þetta starf (Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi, 1981). Í dag er búsetan alfarið sjálfstæð búseta í formi einstaklins- eða paríbúða en íbúar njóta þjónustu allan sólarhringinn en aðeins ef þau óska eftir því. Starfsmannaskipti eru minni en það er vegna tilkomu vakatafyrirkomulagsins (Guðrún J. Kristjánsdóttir yfirmaður heimilssviðs, munnleg heimild, febrúar 2011). Þetta eykur valdeflingu, sjálfstæði og sjálfsákvörðunarréttar íbúa og er því mikil breyting frá því fyrir 30 árum.

Ennþá er skortur á fagmenntuðu starfsfólki þar sem erfitt er að fá fólk til flytjast á Sólheima samkvæmt forsvarsmönnum Sólheima. Krafist er meiri menntunar á sviði umönnunar fatlaðra með það að markmiði að hver einstaklingur njóti sömu lífsgæða og lífsskilyrða og aðrir einstaklingar. Forsvarsmenn Sólheima hafa verið gagnrýndir fyrir leita ekki eftir fagmenntuðu starfsfólki hjá sveitarfélaginu og halda því fram að þeir séu sjálfum sér nógir (<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>).

Niðurstaðan er sú annars vegar að Sólheimar hafa lítið breyst í gegnum tíðina en hins vegar

sú að Sólheimar hafa fengið að þrífast sem vistvænt samfélag án alvarlegra athugasemda frá yfirvöldum. Á meðan enginn löggiltur þjónustusamningur er í gildi verður engin breyting á fyrirkomulagi Sólheima.

## Lokaorð

Það sem ég komst að við gerð þessa verkefnis var margt og þá sérstaklega að bera saman Úttekt félagsmálaráðuneytisins og skýrslu Ríkisendurskoðunar. Ég átti von á að yrðu gerða einhverjar athugasemdir varðandi starfsemi Sólheima vegna allra þeirra gagnrýni sem staðurinn hefur orðið fyrir, en fann hvergi neitt slíkt. Ef einhverjar athugasemdir voru gerðar þá voru þær jákvæðar og þá helst sem snéri að þjónustunni á Sólheimum en eins og stendur í skýrslu Ríkisendurskoðunar þegar vitnað er í félagsmálanefnd uppsveita Árnessýslu frá árinu 2000: „Félagsmálanefnd metur mikils það starf sem unnið er á Sólheimum og telur að sú þjónusta sem fötluðum íbúum þar stendur til boða sé um margt til fyrirmyndar“ (<http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>).

Gagnrýnin sem beinist að faglegu hliðinni á fullan rétt á sér, við lifum í kröfuharðara samfélagi í dag sem krefst ásættanlegrar menntunar og sérstaklega á sviði málefni fatlaðs fólks. Með heimsóknum á vettvang tók ég eftir því hvað það skipti starfsfólkinu miklu máli að íbúum liði vel og að það tæki virkan þátt í samfélaginu á nytsamlegan hátt. En það má ekki gleyma hugmyndafræðinni sem liggur á bakvið málefnið og þarf að hafa hana að leiðarljósi í starfi með fötluðu fólki.

Við gerð þessa verkefnis jókst skilningur minn á fyrirkomulagi samfélagsins á Sólheimum með heimsóknum á staðinn, viðtölum við íbúa og starfsfólk staðarins, köfun í efni og heimildir. Þetta var fróðlegt og áhugavert ferðalag en það var fólkið á Sólheimum sem gerði upplifun mína eftirminnilega. Það var einkum ánægjulegt að kynna þeim en þau tóku sérstaklega vel á móti mér og skynjaði ég samkennd og gleði hvert sem ég fór.

## Heimildaskrá

Hilma Gunnarsdóttir. (2009). *Viljinn í verki*. Reykjavík. Ás styrktarfélag.

Rannveig Traustadóttir. (2003). Fötlunarfræði. Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlunarfræði. Nýjar íslenskar rannsóknir*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Rannveig Traustadóttir. (2006). Frá umbótarráðgjöf til fræðilegrar fágunar. Þróun fötlunarannsóknna á norðurlöndum. Í Rannveig Traustadóttir (ritstj.), *Fötlun. Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Jónína Michaelsdóttir. 1990. *Mér leggst eitthvað til – Sagan um Sesselju Sigmundsdóttur og Sólheima*. Styrktarsjóður Sólheima. Bókaútgáfan Hreindís Sólheimum.

Félagsmálaráðuneytið og stjórnarnefnd um málefni þroskaheftra af Margréti Arnljótsdóttur. 1981. *Úttekt á vistheimilinu Sólheimum í Grímsnesi*. Félagsmálaráðuneytið.

### **Heimasíða Sólheima**

<http://www.solheimar.is/default4.asp?>

[Sid\\_NR=654&E\\_NR=626&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=654](http://www.solheimar.is/default4.asp?Sid_NR=654&E_NR=626&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=654) Sótt 25. október 2010

### **Heimasíða Sólheima**

[http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid\\_NR=634&E\\_NR=606&VS=1VS1.asp&VT=634](http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid_NR=634&E_NR=606&VS=1VS1.asp&VT=634) sótt 6.

janúar 2011

### **Heimasíða Sólheima**

<http://www.solheimar.is/template4.asp?>

[Sid\\_NR=570&E\\_NR=542&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=570](http://www.solheimar.is/template4.asp?Sid_NR=570&E_NR=542&VS=1VS1.asp&VT=507&VT2=570) sótt 25. janúar 2011

Ríkisendurskoðun. (2002). *Sólheimar í Grímsnesi*. Reykjavík: Ríkisendurskoðun.

<http://www.rikisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/solheimar.pdf>

## **Siðareglur þroskaþjálfara - Landlæknisembættið**

<http://www.landlaeknir.is/pages/451> sótt 4. febrúar 2011

## **Lög og reglugerðir**

Lög um málefni fatlaðs fólks nr. 59/1992 með síðari breytingum

Lög um sjálfseignastofnun nr. 33/1999

## **Viðauki 1**